# Meðlagsúrskurðir 1891-1907

Aðfnr. 3368, örk 5

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Jón Olafsson lofar að [illegible] [illegible] [illegible] kr.  30/12  30/6  30/12  30/6

# Útskript

## úr lögregluþingbók Reykjavíkur. –

+ + +

Ár 1901, þ. 14. október var lögreglurjettur Reykjavíkur settur á skrifstofu bæjarfógeta og haldinn af hinum reglulega dómara Halldóri Daníelssyni með undirskrifuðum vottum. Þá var tekið fyrir barnsfaðernismálið Guðrún Steinsdóttir

gegn

Magnúsi Dalhoffssyni

Kærandi Guðrún Steinsdóttir vinnukona á Norðurbergi mætti sjálf og lagði fram nr. 1. stefnu í málinu, nr. 2. skírnarvottorð barnsins Ingvars Emils, sem hún hefur alið 30. júní þ. á. + +

Kærði Magnús Dalhoffsson gullsmiður var og viðstaddur í rjettinum.

Dómarinn leitaði um sættir milli málsaðila og varð það að samkomulagi milli þeirra, að kærði gengst við faðerni að ofangreindu barni, og skuldbindur sig til að greiða ársfúlgu með barninu 50 krónur, sem lúkist 30. júní og 30. desember ár hvert, með 25 kr. í hvert skipti, fyrsta sinn 30. desember næstkomandi. Upp í barns-

Suðuramtið
Dagbók II No. 256

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fararkostnaðinum, sem telst vera c. 24 kr. lofar hærði að borga 12 kr., sem greiðist ekki seinna en 20. þ. m.

Sátt þessi var lesin upp fyrir málsaðilum og viðurkenndu þau hana rjett bókaða og rita undir rjettarhaldhennri til staðfestu.

Rjetti slitið.

Halldór Daníelsson.

Guðrún Steinsdóttir Magnús Dalhoff.

Þ. Bjarnsson.

Sig. Pjetursson.

\# \# \#

Rjetta útskript staðfestir

Halldór Daníelsson

\# \# \#

Framanritud sátt er hjermeð staðfest.

Amtmaðurinn yfir Suður- og Vesturamtinu
Reykjavík 30. maí 1902

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

4 kr.

-

ls-

a

ld-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

№ 219

Eg undirskrifaður lofa og undirgengst, þá krafist verður, að greiða í peningum kostnað allan við legu sjúklingsins Fröken Guðrún Steinsdóttir frá Rvík á sjúkrahúsi Reykjavíkurbæjar, svo og útfararkostnað, ef þess þarf með.

Reykjavík ........ dag ..........................................

..........................................

Sjúklingur þessi var lagður inn á sjúkrahúsið hinn 2 Desember mán. 1901 og hefir verið þar til hins 30 Dsm mán. 1901 alls 28 daga.

| Borgun: | Kr. | A. |
|---|---|---|
| Legukostnaður fyrir fullorðna 28 daga á 1/00 | 28 | 00 |
| — — — börn yngri en 12 ára — — . . . | | |
| — — — . . . . . . . . . . . . . . . — — . . . | | |
| Fyrir ljós og eldivið . . . . . . . 28 . . . — — 0/25 | 7 | 00 |
| Verðhækkun fyrir betra fæði . . . . . . — — . . . | | |
| Aukaborg. fyrir næturvöku kvennm. nætur á | | |
| — — — — karlm. — — | | |
| Flutningur á og frá sjúkrahúsinu . . . . . . . . . . | | |
| Meðalareikningur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1 | 81 |
| Blóðhorn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| Útfararkostnaður . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | |
| alls | 36 | 81 |

Reykjavík 14 dag Jan 1902

pr. Gun. Einars

p. t. umsjónarmaður.

Gun Einars

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Magnús Dalhoffsson
23 ára f. 27/9 1878
Ingjaldshóli í Snæfellsnessýslu

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Eftirrit

# Amtmaðurinn

yfir

## Suður- og Vesturömtunum

KUNNGJÖRIR: að með því Guðmundur Jónsson í Reykjavík fæddur 14. júlí 1877 í Hækingsdal í Kjósarhreppi og [illegible] sem skuli samkvæmt lögregluréttardómi Reykjavíkur 20. febr. þ. á. greiða með barninu eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Kristmanni Borgfjörð sem er óskilgetinn sonur stúlkunnar Guðlaugar Sigríðar Björnsdóttur á Þverfelli í Lundarreykjadal og fæddan 23. oktbr. 1901 úrskurðast hérmeð, að nefndur greiði með barni þessu frá nefndum degi og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 70 (sjötíu) krónur árlega, sem skulu goldnar að hálfu fyrir hvert liðið missiri, 23. apríl og 23. oktbr. ár hvert, 35 kr. í hvert skipti og í fyrsta skipti 23. apríl þ. á.

Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og 22 (tuttugu og tvær) krónur 50 aur., eigi síðar en 1. oktbr. næstkomandi

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið bréf 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalarsveit sinni um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar 1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta fyrnefndum Guðmundi Jónssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtanna, Reykjavík* 21. júlí 1902

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Amtmaðurinn

**yfir**

# Suður- og Vesturömtunum

KUNNGJÖRIR: að með því Sigfús Sveinbjarnarson, sem er fæddur á Akureyri 11. maí 1866 og sveit-lægur þar eptir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Ástu Margrjetar, sem er óskilgetin dóttir stúlkunnar Ástríðar Sigmundardóttur í Hólakoti í Reykjavík og fædd 28. júní 1896 úrskurðast hjer með, að nefndur Sigfús Sveinbjarnarson greiði með barni þessu frá 28. júní 1901 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 75 (sjötíu og fimm) krónur árlega, sem skulu goldnar 28. júní ár hvert eptir á, og í fyrsta skipti 28. júní 1902.

~~Af barnsfararkostnaðinum greiði hann og~~ ( )

~~krónur~~ ~~aur., eigi síðar en~~ ~~næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt til-skipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undan-

a d B f 7 № 1284-1901

Isf. 75 - 1902

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

farins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafizt í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eptir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilskipun handa Íslandi 25. júní 1869, um afplánun tjesekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr.

Ennfremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalar- sveit sinni um greiðslu meðlags samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar 1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum og fl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Sigfúsi Sveinbjarnarsyni ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellibrjef 27. oktbr. 1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.

*Skrifstofu Suður- og Vesturamtanna, Reykjavík* 30. desbr. 1901

J. Havsteen.

Mér löglega birt

Ísaf. 28. jan. 1902

Sigfús Sveinbjörnsson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1)

Ár 1902, þriðjudaginn þann 28. dag Janúarmánaðar höfum við undirritaðir eiðsvarnir stefnuvottar á Ísafirði birt framanritaðann Amtsúrskurð fyrir verzlunarstjóra Sigfúsi Sveinbjarnarsyni persónulega sjálfum.

Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og signetum.

Ísafirði 28. Janúar 1902.

Björn Árnason    Þorlákur Magnússon

Meðlagið fyrir tímabilið frá 28. júní 1901 til 28. júní 1902, 45 kr. borgað barnsmóðurinni 11. júlí 1902 af Amtmanni Suður- og Vesturamtsins.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hefur borg. seinast 25/6 1899

Að Nms. № 359/97
— „ — „ 873/1898
— „ — „ 9/1900
— „ — „ 694/1900

# Páll Briem

**amtmaður yfir Norður- og Austuramtinu**

**Kunngjörir:** að með því Jón Benediktsson lausa-maður á ~~hrepp innan~~ Seyðisfirði ~~sýslu~~, eftir því, sem fyrir liggur, eigi hefir synjað fyrir faðerni barnsins Málfríðar, sem er óskilgetin dóttir Sigríðar Ásbjarnardóttur og fædd 25. júní 1896 úrskurðast hérmeð, að nefndur Jón Benediktsson greiði með þessu barni frá 25. júní 1896 og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 60 ( Sextíu ) krónur árlega, sem skulu goldnar 25 (maí) og 25 júní ár hvert með 30 kr. fyrir það missiri, sem liðið er.

desbr. E. Br.

~~Af barnsfarar-kostnaðinum greiði hann og kr. aur. eigi síðar en næstkomandi.~~

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilsk. 14. oktbr. 1763, og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., og ef til kemur láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er orðið fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi eftir nánari skipun háyfirvaldsins, samkvæmt tilsk. handa Íslandi, 25. júní 1869, um afplánun fésekta í öðrum málum en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887, um aðför, 18. gr., og 24. jan. 1890, um meðgjöf með óskilgetnum börnum o. fl.

Úrskurð þenna skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta framannefndum Jóni Benediktssyni ókeypis, sbr. opið bréf 28. maí 1825 og kansellíbréf 27. oktbr. 1821, og svo framarlega, sem hann skyldi vera hjú annars manns, skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans samkvæmt umburðarbréfi kansellísins 5. desbr. 1820.

**Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli.**

Skrifstofu Norður- og Austuramtsins, Akureyri, 27 april 1897.

Páll Briem.

Aa Bf. J. № 822-97

Akureyri 1892. Prentsm. B. Jónssonar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1897 30. júlí höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Seyðisfjarðarhreppi birt framanritaðan Amtsúrskurð Jóni Benidiktssyni á Þórarinsstaðaeyrum, á heimili hans, að honum sjálfum viðstöddum.
Þetta vottum við samkvæmt stefnuvotta-eiði okkar og nöfnum.

Þórarinsstaðaeyrum ár og dag er fyr segir.

Jóhann Sveinsson
Ólafur Pétursson

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Endurrit

af bréfi amtmannsins yfir Suður- og Vesturamtinu, til sýslumannsins í Mýra og Borgarfjarðar sýslu, dags. 31. jan. 1893.

— „ —

Samkvæmt beiðni hreppsnefndarinnar í Borgarhreppi í Mýrasýslu, hafið þér, herra sýslumaður, í þóknanlegu bréfi, dags. 8. des. f. á., óskað úrskurðar amtsins um meðlagsstyrk þann, sem Ólafi nokkrum Þórðarsyni í Halakoti á Álftanesi í Gullbringusýslu beri að greiða til framfæris óskilgetnum syni sínum, Þorleifi Maríusi, er hann eignaðist með Guðfinnu Þorvaldsdóttur, sem sveitlæg er í Borgarhreppi, og þangað hafði verið flutt á sveit sína, frá Reykjavík, fyrir rúmu hálfu þriðja ári; Ólafur tjáist vera fæddur í Reykjavík 1868, og hafi hann og Guðfinna verið vinnuhjú í Skildinganesi í Seltjarnarneshreppi, þá er barn þeirra kom undir; foreldrarnir eru taldir félausir.

Fyrir því úrskurðast amtið hér með, samkvæmt upplýsingum þeim, sem þar eru komnar um hag hlutaðeiganda, og með tilvitnun til laga № 9, 24. jan. 1890, að nefndur Ólafur Þórðarson í Hala-koti á Álftanesi, skuli greiða með óskilgetnum

Skj: 513/1901.
665/1901.

syni sínum, Þorleifi Maris. sem nú er hérumbil þriggja ára, árlega fúlgu að sínum hluta, að upphæð 30 krónur, unz pilturinn er fullra 14 ára að aldri. Fúlga þessi greiðist máður barnsins, eða framfærsluhrepp hennar, ef barnið er þar á sveitarframfæri. og er gjalddagi fúlgunnar, 15. júlí ár hvert.

Greiðist hin úrskurðaða fúlga eigi á réttum gjalddaga, má innheimta hana með lögtaki hjá barnsföðurnum, samkvæmt fyrirmælum í tilsk. 14. okt. 1763 og 30. Maí 1794. sbr. lög № 9. 24. jan. 1890. 3. gr. Þennan úrskurð ber að tilkynna hlutaðeigendum.

Þess skal getið, að sýslumanninum í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur eptir áður greind verið sent eptirrit af úrskurðinum.

— „ — „ — —

Rétt eptirrit staðfestir.

Suður-amtið, Reykjavík. 2. okt. 1901.

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Samkvæmt amtsúrskurði dags. 13 jan. 1893. svo og bréfi bæjarfógetans í Reykjavík dags. 30. sept. þ.á., viðvíkjandi barnsfúlgum, er Ólafur Þórðarson frá Hólmfastskoti í Njarðvíkum á ógreiddar, að upphæð samtals Kr. 150,00, hefur sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu, með bréfi dags. 11. novemb. þ.á., skipað hreppstjóranum í Njarðvíkurhreppi, að taka lögtaki hjá nefndum Ólafi Þórðarsyni það sem hægt væri af upphæð þessari, sem og að kyrrsetja kaup það, er hann kynni að eiga óeytt. En með því að nefndur Ólafur Þórðarson er nú hjá Andrésar Péturssonar á Stóru-Vogum í Vatnsleysustrandarhreppi, hefur hreppstjóri Njarðvíkurhrepps sent nefndan amtsúrskurð, ásamt nefndum bréfum, til hreppstjórans í Vatnsleysustrandarhreppi, og beðið hann að framkvæma áðurnefnt fyrirskipað lögtak

Ugj: 665/1902.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og kyrsetningu hjá nefndum Ólafi Þórðar-
syni.
Samkvæmt framanrituðu, var hreppstjóri
Vatnsleysustrandarhrepps staddur að Stóru-
Vogum hinn 20. nóvemb. þ.á., ásamt tveimur
vottum: Eyjólfi Péturssyni og Elís Péturssyni
í Vogum. Kallaði hreppstjóri þá nefndan
Ólaf Þórðarson fyrir sig, birti honum nefndan
amtsúrskurð, ásamt nefndum bréfum, bæjar-
fógetans í Reykjavík og sýslumannsins í
Gullbringu- og Kjósarsýslu, og skoraði á
hann að borga hinar nefndu ógreiddu barns-
fúlgur, Kr: 150,oo. til fátækrasjóðs Reykjavík-
ur kaupstaðar. En Ólafur kvaðst engin ráð
til þess hafa; kvaðst eiga einar tíu krónur, hjá
húsbónda sínum, óeyddar af umsömdu árs-
kaupi Kr: 90,oo; auk þess tjáðist hann engar
eignir eða verðmæta hluti eiga, utan fornan
og mjög lítilfjörlegan íverufatnað. Skoraði
hreppstjóri þá á hann að segja til, hvort

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann væri hvergi vistráðinn fyrir kaupi
á næsta ári; en hann neitaði að svo væri.
Var húsbóndi Ólafs, Andrés Pétursson, þá
tilkvaddur og spurði hreppstjóri hann,
hvort nefndur Ólafur Þórðarson mundi
hafa skýrt rétt frá ástæðum sínum og efna-
hag, en hann kvaðst eigi betur vita, en
að rétt væri frá skýrt. Skoraði hreppstjóri þá
á húsbóndann, nefndan Andrés Pétursson, að
greiða nefndar Kr. 10,00, eptirstöðvar af árs-
kaupi Ólafs Þórðarsonar, til fátækrasjóðs
Reykjavíkur kaupstaðar, uppí í nefndar
ógreiddar barnsfúlgur, samtals 150 kr.
Lofaði þá nefndur Andrés Pétursson á Stóru-Vog-
um, að hafa greitt nefndar 10 kr. til fátækra
sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar, innan 12. maí 1902.

Vottar: Stóru-Vogum 20. nóvemb. 1901

Eyjólfur Pétursson. Jón G. J. Breiðfjörð.

Elis Pétursson.

Rétt eptirrit:

Jón G. J. Breiðfjörð

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Amtmaðurinn
yfir
Suður- og Vesturamtinu

Kunngjörir: að með því trjesmiður Guðmundur Þórðarson í Reykjavík, sem er fæddur 16. júlí 1872 í Laxárnesi í Kjósarhreppi, og sveitlægur þar, er með dómi lögreglurjettar Reykjavíkur, 25. f.m., dæmdur til að greiða árlegt meðlag, eptir úrskurði yfirvaldsins, með óskilgetnu barni ógiptrar vinnukonu Helgu Jóhannsdóttur í Reykjavík, Lilju að nafni, fæddu 5. septbr. f.á., úrskurðast hjer með, að nefndur Guðmundur Þórðarson greiði með barni þessu frá 5. septbr. f.á. og þangað til það er orðið fullra 16 ára að aldri 45 – fjörutíu og fimm – krónur árlega, sem skulu goldnar 5. septbr. fyrir hvert ár, eptir á, og í fyrsta skipti 5. september 1901.

Af barnsfararkostnaðinum greiði hann, í samhljóðun við fyrnefndan dóm, 10 – tíu – krónur, eigi síðar, en fyrir 31. þ.m.

Hinar úrskurðuðu upphæðir má taka lögtaki hjá hlutaðeiganda samkvæmt tilskipun 14. oktbr. 1763 og lögum 16. desbr. 1885, um lögtak og fjárnám án undanfarins dóms eða sáttar, 1. og 6. gr., sbr. opið brjef 28. oktbr. 1805, ef innheimtu er krafist í tæka tíð hjá sýslumanni eða bæjarfógeta í því lögsagnarumdæmi, þar sem barnsfaðirinn dvelur, og ef til kemur, láta hann afplána meðlögin, sem til falla þangað til barnið er

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fullra 10 ára að aldri, með einföldu fangelsi, eptir nánari skipun há-
yfirvaldsins, samkv. tilsk. handa Íslandi 25. júní 1869, um afplán-
un fjesekta í öðrum málum, en sakamálum, sbr. lög 4. nóvbr. 1887,
um aðför, 18. grein.

Enn fremur hefir barnsmóðirin aðgang að dvalarsveit sinni um
greiðslu meðlags, samkvæmt því, sem fyrir er mælt í lögum 12. janúar
1900, um meðgjöf með óskilgetnum börnum ogfl.

Úrskurð þennan skulu hlutaðeigandi stefnuvottar birta fram-
annefndum

Guðmundi Þórðarsyni

ókeypis, sbr. opið brjef 28. maí 1825 og kansellíbrjef 27. oktbr.
1821, og svo framarlega sem hann skyldi vera hjá annars manni,
skal úrskurður þessi sömuleiðis birtur húsbónda hans, sam-
kvæmt umburðarbrjefi kansellísins 5. desbr. 1820.

Þessu til staðfestu er nafn mitt og embættisinnsigli

Skrifstofu Suður- og Vesturamtsins, Reykjavík 9. desbr. 1901

J. Havsteen.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ár 1901. miðvikudaginn 11. desember mánaðar höfum við undirskrifaðir eiðsvarnir stefnuvottar í Reykjavík. birt framanritaðann Amtsúrskurð trjesmið Guðmundi Þórðarsyni persónulega hjer í bænum; Þetta vottum við samkvæmt stefnuvottaeiði okkar með nöfnum okkar og innsiglum.

Björnsson    Sig. Pjetursson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur